

Alþingi
Erindi nr. P 139/1559
komudagur 2.3.2011



Geirsgata 9 · 101 Reykjavík
Sími: 535-5500 · Fax: 535-5501
upplýsingar@icetourist.is
www.ferdamalastofa.is
www.ferdalag.is

Strandgata 29 · 600 Akureyri
Sími: 535-5510 · Fax: 535-5511
upplýsingar@icetourist.is
www.ferdamalastofa.is
www.ferdalag.is

Skrifstofa Alþingis
Bt. Nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is


Reykjavík, 28. febrúar 2011

Efni: Umsögn Ferðamálastofu við frumvarp til laga um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.
Mál: 407 - Þskj.: 679

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Ferðamálastofu við frumvarp til laga um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

Ferðamálastofa gerir engar efnislegar athugasemdir við umrætt frumvarp en fagnar þeirri stefnu sem kemur fram í athugasemdum sem fylgja lagafrumvarpinu um að markvisst sé verið að hverfa frá skatttöku yfir í gjaldtöku sem leiðir af kostnaði við veitta þjónustu.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu



Elías Bj. Gíslason, forstöðumaður þróunarsviðs

Alþingi
Erindi nr. P 139/1596
komudagur 7. 3. 2011



Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
ritari,
Alþingi v/Austurvöll
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Ísland/Iceland

sími/tel. +354 569 4100
fax +354 562 3619
www.caa.is

Tilv. yðar

Dags.

Tilv. vor
FMS11020167
Bréfalykill:
021

Dags.
7. mars 2011

Efni: Umsögn Flugmálastjórnar Íslands um frumvarp til laga um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála.

Meðfylgandi er umsögn Flugmálastjórnar Íslands um frumvarp til laga um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála nr. 31/1987, þskj. 679- 407. mál. Umsögnin var send í tölvupósti þann 7. mars 2011.

Með kveðju

Halla Sigrún Sigurðardóttir
Halla Sigrún Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs



Umsögn Flugmálastjórnar Íslands um frumvarp til laga um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála nr. 31/1987, með síðari breytingum, þskj. 679 – 407. mál.

Flugmálastjórn Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, 407. mál.

Flugmálastjórn gerir ekki athugasemdir við gildistöku laganna að því sem leitast er við að fara að athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) svo uppfylltar séu alþjóðlega skuldbindingar ríkisins samkvæmt EES-samningnum.



Samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 24. febrúar 2011
Tilv.: IRR10121771/17.1

407. mál

Efni: Upplýsingar vegna frumvarps til laga um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum.

Tilvísun nr:

1. Skýrsla starfshóps um fjármögnun flugvalla, samgönguráðuneytið, maí 2009,
<http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2011/SKYRSLA-STARFSHOPS-UM-GJALDTO KU-A-FLUGVOLLUM---Lokaeintak-29.5.09.doc>.
2. Leiðbeinandi efni ESA um ríkisstyrkjareglur,
<http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/>
3. Tilskipun ESB um gjaldtöku á flugvöllum nr. 2009/12/EC,
<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=CELEX:32009L0012:EN:NOT>
4. Kostnaðarmismunur vegna reksturs og stofnkostnaðar varamillilandaflugvalla og hefðbundinna innanlandsflugvalla árin 1993-2007, greinargerð Flugstoða, okt. 2008.
5. Skýrslu Kristjáns L. Möllers samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2008,
<http://www.althingi.is/altext/138/s/1000.html>.
6. Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012,
<http://www.althingi.is/altext/138/s/1381.html>.

Ríkisstyrkjareglur, gjaldtaka og notendaneindir.

Í skýrslu starfshóps um fjármögnun flugvalla, tilvísun 1, er fjallað um ríkisstyrkjareglur, kafli 3.1.1, sem Ísland er bundið af skv. 61. gr. EES samningsins, og tilskipun ESB um gjaldtöku á flugvöllum nr. 2009/12/EC, kafli 3.1.2.

Í skýrslunni kemur fram að ríkisstyrkjareglurnar eru í aðalatriðum þær sömu og hjá ESB. Þá er einnig bent á að ESA hefur gefið út leiðbeinandi efni um ríkisstyrkjareglur, tilvísun 2, sem lýsir túlkun þeirra á reglunum. Í IV. kafla leiðbeininganna er m.a. fjallað um fjármögnun flugvalla. Leiðbeiningar þessar eru samhljóða leiðbeiningum ESB um sama efni og því er um samræmdar reglur að ræða á EES svæðinu. Ráðuneytið hefur ekki gert úttekt á hvernig aðrar Evrópuþjóðir framfylgja hinum sameiginlegu ríkisstyrkjareglum. ESA hefur hinsvegar gert ítrekaðar athugasemdir við framkvæmdina hér á landi og er gerð grein fyrir því í kafla 3.1.3 í skýrslunni.

M.a. vegna athugasemda ESA er lagt til í skýrslunni að skattarnir flugvallarskattur og varaflugvallargjald verði afnumdir og tekin upp þjónustugjöld á kostnaðargrunni í þeirra stað.

Lagastoð og verklag við ákvörðun þjónustugjalda á kostnaðargrunni er nú þegar í loftferðarlögum. Verklagið er nú þegar í samræmi við tilskipun ESB um gjalddöku á flugvöllum nr. 2009/12/EC, tilvísun 3, þó svo að tilskipunin hafi ekki enn öðlast gildi hér á landi. Fjallað er um tilskipunina í kafla 3.1.2 í skýrslunni. Þar segir að tilskipunin eigi að vera komin til framkvæmda frá og með 15. mars 2011. Tilskipunin hefur hinsvegar ekki enn verið tekin inn í EES samninginn og því er enn óljóst hvenær hún öðlast gildi hér.

Í tilskipun ESB er aðeins gerð krafa um að flugrekendur eigi sæti í notendanefndum en í íslenskum lögum nr. 60/1998, um loftferðir, er ekki skilgreint hverjir notendur eru. Í lögum nr. 15/2009, sem innleiddu notendanefndir í loftferðalög, kemur hinsvegar fram í athugasemdum við lagafrumvarpið að átt er við flugrekendur (einstaklinga eða lögaðila). Lítið er svo á að flugvellir séu í reynd í einokunaraðstöðu gagnvart flugrekendum en neytendur hafi hinsvegar meira val um flugrekendur/flugfélög. Við lauslega könnun fundust ekki dæmi um að neytendasamtök ættu sæti í notendanefndum flugvalla.

Fjármögnun.


Í V. kafla skýrslunnar er fjallað um fjármögnun og rekstur flugvalla og kafli 5.1.3 fjallar um þátt varaflugvallarhlutverksins. Ítarlegar upplýsingar um rekstrar- og stofnkostnað Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvalla er að finna í skýrslu Flugstoða, tilvísun nr. 4. Þar kemur m.a. fram að heildarkostnaður við þessa þrjá flugvelli á fimmtán ára tímabili, á árunum 1993-2007, var 26,0 ma.kr. en viðbótarkostnaður vegna varaflugvallahlutverks þeirra var 11,0 ma.kr. (ath. villa í mynd 3). Skatttekjur af flugvallagjaldi og síðar flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi, voru á sama tíma 12,1 ma.kr., sem voru að mestu innheimtar á Keflavíkurflugvelli. Þetta þýðir að 90,5% af þessum sköttum samanlagt fór í varamillilandaflugvallarhlutverk þessara þriggja flugvalla.


Síðan þá hefur þróun innheimtra flugvallarskatta og varaflugvallargjalds verið eftirfarandi:

ár	2007	2008	2009	2010
414405 - Flugvallaskattur	514.997.457	482.994.781	408.983.028	404.597.563
414406 - Varaflugvallagjald	558.576.100	513.185.875	420.944.581	429.498.887
Samtals:	1.073.573.557	996.180.656	829.927.609	834.096.450

Varðandi ráðstöfun þessa fjár vísast í skýrslu Kristjáns L. Möllers samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framkvæmd samgönguáætlunar 2008, tilvísun 5, sem er nýjasta slíka skýrslan, og þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012, tilvísun 6, en tillaga að henni var lögð fram í apríl 2010. Hún var því í raun bráðabirgða skýrsla fyrir 2009. Á þessu tímabili ber hæðst lenging Akureyrarflugvallar, tæpir 1,8 ma.kr. á árunum 2008-2009.

Fyrir hönd ráðherra


Sigurbergur Þjörnsón


Friðfinnur Skaftason


Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Reykjavík 3. mars 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, nr. 31/1987, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011, þskj. 679 – 407. mál).

Frumvarp til laga um brottfall laga um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála liggur nú fyrir Alþingi. Isavia hefur ekki efnislegar athugasemdir við efni frumvarpsins. Félagið vill þó nota tækifærið og lýsa yfir ánægju sinni með efni frumvarpsins, enda er fyrirkomulag það sem lagt er til í frumvarpinu í samræmi við þá alþjóðlegu þróun að hverfa markvisst frá skatttöku í flugtengdri starfsemi yfir í gjalddtöku sem leiðir af kostnaði við þjónustuna, sem og í samræmi við alþjóðlegar kröfur og tilmæli þar sem beinlínis er mælt til að horfið verði frá skatttöku á loftflutninga eins og kostur er.

Virðingarfyllst
F.h. Björns Óla Haukssonar
forstjóra Isavia



Ingunn Ólafsdóttir
skrifstofustjóri yfirstjórnar Isavia, Reykjavík